




Skipulagspýramíðinn



Eitt helsta vandamál allra kennara er undirbúningur og skipulagning fyrir margbreytilegan nemendahóp. Skipulagspýramíðinn (e. Planning Pyramid) er hjálpartæki sem getur verið ákveðin lausn. Pýramíðinn er þróaður með það í huga að styðja kennara í því að laga námsefnið að þörfum nemenda út frá ákveðinni námsbók.



Pýramíðinn hefur tvær grundvallar víddir:

- Grunn að undirbúningi Upphafspunktur (Points of entry), það eru „oddarnir“ fimm á pýramíðanum, fjórir í grunninum og einn á toppnum
- Námslög eða (Degrees of Learning) sem eru þrjú lóðréttir fletir eða lög (sjá mynd)



Grunnurinn er hafður til grundvallar undirbúningi og endurspeglar:

- námsefni
- aðstæður í bekknum
- kennarann
- viðeigandi framkvæmd í kennslu

Hin víddin á píramídanum er lóðrétt skipting í þrjú lög sem standa fyrir það sem nemendur geta lært:

- neðsta námslagið inniheldur það sem allir nemendur geta lært
- millilagið gefur til kynna það sem flestir en ekki allir nemendur geta lært
- námslagið á toppnum er það sem sumir nemendur geta lært

Eftirfarandi atriði þarf að hafa í huga til að styðja nemendur og kennara í að einbeita sér að því sem skiptir máli:

- Kennarar þurfa að ákveða mikilvægustu hugtökin sem þeir vilja að nemendur læri í ákveðnu námsefnis.
- Þessi hugtök geta verið algengari en í tveimur efri lögnum.
- Pýramídanum er ekki ætlað að takmarka möguleika nemenda á námi.
- Allir nemendur eiga að hafa jafnan aðgang að sömu upplýsingum þó að framsetning á efninu sé mismunandi og í samræmi við þarfir nemenda.



- Verkefni sem tilheyra neðsta námslaginu eiga ekki að vera minna hvetjandi né ætti að líta á efri lögin sem stað fyrir skapandi og skemmtileg verkefni.
- Það má **ALLS EKKI** útnefna nemendur á ákveðið námslag píramídans út frá námsgetu.
- Nemendur læra efnið á mið- og efsta námslagi vegna áhuga á fyrri þekkingu, persónulegrar reynslu eða vegna sérstakra hæfileika.

Lykilspurningar

Grunnurinn að undirbúningi

Eftirfarandi þætti skal hafa í huga þegar kennslustund er skipulögð.

Námsefnið

- Er efnið nýtt eða upprifjun?
- Hvaða grunnþekkingu hafa nemendur á efninu?
- Gætu nemendur með annað mál haft þekkingu á efninu á sínu máli en ekki á íslensku?
- Hve áhugavert er umræðuefnið fyrir nemendur?
- Hvaða ný hugtök verða kynnt?
- Hve flókið er efnið?
- Hve skýrt eru hugtökin kynnt í námsefninu sem verður notað?
- Hve mikilvægt er umræðuefnið í almennu námskránni?



Kennarinn

- Hefur kennarinn kennt efnið áður?
- Hve mikinn tíma hefur kennarinn í skipulagningu og undirbúning?
- Hvaða gögn eru tiltæk?
- Hve áhugavert er þetta efni fyrir kennarann?

Nemandinn

- Getur menningarmunur gert nemendum erfitt að skilja efnið eða ákveðin hugtök?
- Geta nemendur með lestrarerfiðleika átt erfitt með að lesa námsefnið sjálfstætt?
- Hvaða málakröfur eru gerðar til nemenda með annað tungumál?
- Geta nemendur með hegðunarvandamál eða athyglisbrest einbeitt sér í kennslustundinni?
- Geta sumir nemendur haft mikinn áhuga á að kanna efnið til hlítar og deila því með samnemendum?
- Hafa allir nemendur þann orðaforða sem þarf til að skilja hugtökin?

Samhengið

- Verða truflanir á þeim tíma sem ætlaður er fyrir þetta efni?
- Hvaða áhrif hefur bekkjarstærð á það hvernig ákveðið hugtak er kennt?
- Hve vel munu nemendurnir vinna í litlum hópum eða pörum?



Kennslufræðileg framkvæmd

- Hvaða aðferð ætlar kennarinn að nota til að sýna tilganginn með náminu?
- Hvernig hópar eru viðeigandi?
- Hvaða aðferðir getur kennarinn notað í þeim tilgangi að allir nemendur tileinki sér efnið?
- Hvernig þarf að aðlaga námsefnið?
- Hvers konar læsi þarf svo hægt sé að kenna efnið?
- Hvaða námstækni kunna nemendur eða þurfa að læra sem getur hjálpað þeim að ná tökum á orðaforðanum?
- Hvernig getur kennarinn fylgst með námi nemendanna, með stöðugum og formlegum hætti?
- Hvernig ætlar kennarinn að meta það nám sem hefur farið fram í lok kennslustundarinnar og gera viðmiðanirnar skiljanlegar fyrir nemendur?